



Til sveitarstjórna

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsögötu 7 101 Reykjavík
 sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
 postur@irr.is
 innanrikisraduneyti.is

Reykjavík 3. október 2016
 Tilv.: IRR16090264/

Efni: Form og efni viðauka við fjárhagsáætlun.

Tilfni bréfsins er að skerpa á verklagi sveitarfélaga vegna gerð viðauka við fjárhagsáætlun. Eins og sveitarfélögum er kunnugt staðfesti ráðherra í lok árs 2015 reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga. Í reglugerðinni er að finna ákvæði um gerð viðauka við fjárhagsáætlun en fjallað er um viðaukana í 63. gr. sveitarstjórnalaga nr. 138/2011.

Markmið reglna um form og efni viðauka við fjárhagsáætlun er að styrkja eftirlit og fjármálastjórn sveitarstjórnar og tryggja að ef víkja þarf frá fjárhagsáætlun sé það gert með formlegum og gagnsæjum hætti. Viðauki við fjárhagsáætlun er **fyrirfram ákveðin heimild** til breytingar og er ekki ætlað að þjóna **sem leiðrétting á skuldbindingum** sem stofnað var til án heimildar í fjárhagsáætlun.

Stjórnendum sveitarfélaga ber að starfa innan samþykkt fjárhagsramma sveitarstjórnar og þurfa því að gæta að fjárheimildum sem þeim er úthlutað með samþykkt fjárhagsáætlunar til eins árs. Viðauki við fjárhagsáætlun er lögbundið form sem ekki þjónar þeim tilgangi einum að uppfylla skilyrði laga heldur er það einnig gagnlegt eftirlitskerfi sveitarstjórnar vegna fjármála sveitarfélags með hag þess í fyrirrúmi. Reglulegur samanburður á bókhaldi og fjárhagsáætlunum gefur sveitarstjórn færi á eftirliti með framgangi fjárhagsáætlunar og tilfni til útskýringa frá stjórnendum, ef ekki er farið að fjárheimild líðandi árs. Það er á ábyrgð stjórnenda sveitarfélags að leita fyrirfram eftir breytingum á fjárheimild ársins ef nauðsyn krefur.

Úr reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga, nr. 1212/2015.

Í reglugerðinni er kveðið á um að óheimilt sé að víkja frá fjárhagsáætlun næstkomandi árs nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktri áætlun.

Í tillögu til sveitarstjórnar að viðauka við fjárhagsáætlun skal því lýst hvaða breyttu forsendur kalli á breytingu á áætluninni og í hverju breytingin felist. Í fylgiskjali III við reglugerð nr. 1212/2015 eru nánari leiðbeiningar um gerð viðauka við fjárhagsáætlun auk leiðbeinandi forms um hvernig breytingin skal útfærð. Þar eru einnig tilgreind þau tilvik þar sem tilfærslur innan málaflokka/liða eru heimilár án þess að fyrir liggi samþykktur viðauki, sbr. 4. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga.

Viðauki er ekki gildur nema hann feli í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða

tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans, sbr. 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga.

Í viðauka þurfa því eftirfarandi þættir að vera til staðar:

1. Tölulegt yfirlit viðauka fyrir viðkomandi málaflokka (rekstur og/eða fjárfesting).
2. Útfærsla á hvernig frávikum frá fjárhagsáætlun skuli mætt.
3. Tölulegt heildaryfirlit rekstrarreiknings og sjóðstreymis um annars vegar upphaflega fjárhagsáætlun og hins vegar yfirlit um samþykkt viðauka.

Samþykktir viðaukar við fjárhagsáætlun skulu auðkenndir í hlaupandi númeraröð ásamt ártali.

Tilfærslur innan málaflokka eru heimilar án þess að fyrir liggi samþykktur viðauki, enda feli þær ekki í sér hækkun eða lækkun á fjárheimild málaflokksins í heild. Slíkar tilfærslur skulu þó færðar í viðauka við fyrsta tækifæri, þ.e. þegar til þess kemur næst að viðauki er lagður fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu. Gefist ekki slíkt tækifæri skulu þær tilfærslur sem gerðar hafa verið skv. þessari heimild færðar í sérstakan viðauka eigi síðar en við lok fjárhagsársins.

Ekki er gerð krafa um að viðaukum við fjárhagsáætlun sem varða eingöngu tilfærslur innan málaflokka sé skilað á sama formi og öðrum viðaukum og er sveitarstjórn frjálst að útfæra viðauka þessa með öðrum hætti. Leiðbeinandi form þessara viðauka er að finna í fylgiskjali III í reglugerðinni. Heimild til tilfærslna innan málaflokka er háð því að sveitarstjórn hafi áður samþykkt sérstakar verklagsreglur um framkvæmd slíkra tilfærslna, þar sem fram komi m.a. með skýrum hætti hverjir starfsmenn sveitarfélagsins fari með slíka heimild.

Þrátt fyrir ákvæði um viðauka við fjárhagsáætlun má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar sveitarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi sveitarstjórnar.

Viðauka við fjárhagsáætlun skal senda Hagstofu Íslands innan 15 daga frá afgreiðslu hans, sbr. þó viðauka um tilfærslu innan málaflokka.

Það er ósk innanríkisráðuneytis að bréf þetta verði tekið til umræðu á fundi sveitarstjórnar og farið yfir með hvaða hætti staðið er að gerð viðauka við fjárhagsáætlun í sveitarfélaginu.

Fyrir hönd ráðherra



Hermann Sæmundsson



Eiríkur Benónýsson